

Farskólinn
miðstöð símenntunar
á Norðurlandi vestra
Ársreikningur 2024

Farskólinn - miðstöð símenntunar á Norðurlandi vestra

Faxatorgi

550 Sauðárkrókur

kt. 460993-2379

Sjóður nr. 1743

Efnisyfirlit

	Bls.
Skýrsla og áritun stjórnar og framkvæmdastjóra	3
Áritun óháðs endurskoðanda	4
Rekstrarreikningur	6
Efnahagsreikningur	7
Sjóðstreymisyfirlit	8
Skýringar	9

Skýrsla og áritun stjórnar og framkvæmdastjóra

Farskólinn - miðstöð símenntunar á Norðurlandi vestra er sjálfseignarstofnun og starfar samkvæmt eigin skipulagsskrá. Markmið skólans er að efla endur- og símenntun á Norðurlandi vestra.

Á árinu 2024 var rekstrarniðurstaða 3,4 millj. kr. hagnaður samkvæmt rekstrarreikningi (2023: 2,9 millj. kr.) og var eigið fé skólans 40,8 millj. kr. samkvæmt efnahagsreikningi árslok (2023: 37,4 millj. kr.).

Engin stjórnarlaun voru greidd á árinu 2024. Á árinu störfuðu 3 starfsmenn (2023: 3 starfsmenn) hjá Farskólanum í 3 ársverkum (2023: 3 ársverk).

Stofnendur að Farskólanum eru 15 sveitarfélög, stéttarfélög, stofnanir og fyrirtæki á Norðurlandi vestra og nam stofnframlag 852 þús. kr.

Stjórn og framkvæmdastjóri Farskólans - miðstöðvar símenntunar á Norðurlandi vestra staðfesta hér með ársreikning félagsins fyrir árið 2024 með undirritun sinni.

Sauðárkróki, 3. júní 2025.

Stjórn:

Þórarinn Guðni Sverrisson
Hólmfríður Sveinsdóttir
Þorkell Þorsteinsson
Kistrún Snjólfsdóttir
Kristófer Már Maronsson

Framkvæmdastjóri:

Halldór B. Gunnlaugsson

Ársreikningur þessi var samþykktur á stjórnarfundi þann 3. júní 2025 og undirritaður með rafrænum hætti í framhaldi af fundinum

Áritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar Farskólans - miðstöðvar símenntunar á Norðurlandi vestra.

Áritun um endurskoðun ársreikningsins

Álit

Við höfum endurskoðað ársreikning Farskólans - miðstöðvar símenntunar á Norðurlandi vestra („félagið“) fyrir árið 2024. Ársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymisýfirlit, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af fjárhagsstöðu félagsins 31. desember 2024 og afkomu þess og breytingu á handbæru fé á árinu 2024, í samræmi við lög nr. 3/2006 um ársreikninga.

Grundvöllur álits

Við endurskoðuðum í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt stöðlunum er lýst frekar í kaflanum *Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins* í árituninni. Við erum óháð félaginu í samræmi við gildandi siðareglur fyrir endurskoðendur. Við teljum að við höfum aflað nægilegra og viðeigandi endurskoðunargagna til að byggja álit okkar á.

Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á ársreikningnum

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrg fyrir gerð og glöggri framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög nr. 3/2006 um ársreikninga og fyrir því innra eftirliti sem þau telja nauðsynlegt til að gera þeim kleift að setja fram ársreikning sem er án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins ber stjórn og framkvæmdastjóra að leggja mat á rekstrarhæfi félagsins og upplýsa, eftir því sem við á, um þætti er varða rekstrarhæfi og miða grundvöll reikningsskilanna við áframhaldandi rekstrarhæfi, nema þau ætli annað hvort að leysa félagið upp eða hætta starfsemi þess, eða hafa engan annan raunhæfan kost en að gera það.

Stjórn og framkvæmdastjóri skulu hafa eftirlit með gerð og framsetningu ársreikningsins.

Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar eru að öðlast hæfilega vissu um hvort ársreikningurinn í heild sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, og að gefa út áritun endurskoðanda sem inniheldur álit okkar. Í hæfilegri vissu felst áreiðanleiki en ekki trygging fyrir því að endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni alltaf leiða í ljós verulega annmarka ef þeir eru fyrir hendi. Annmarkar geta komið fram vegna sviksemi eða mistaka og eru taldir verulegir ef þeir einir og sér eða samanlagt gætu haft áhrif á efnahagslegar ákvarðanir sem notendur ársreikningsins taka á grundvelli hans.

Við endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla beitum við ávallt faglegri dómgreind og viðhöfum faglega gagnrýni. Að auki:

- Greinum við og metum hættu á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, skipuleggjum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeirri hættu og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, fölsun, að einhverju sé viljandi sleppt, villandi framsetningu eða að farið sé framhjá innra eftirliti.

Áritun óháðs endurskoðanda, frh.:

Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins, frh.:

- Öflum við skilnings á innra eftirliti, sem varðar endurskoðunina, til að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til að veita álit á virkni innra eftirlits félagsins.
- Metum við hvort reikningsskilaaðferðir og reikningshaldslegt mat stjórnenda og tengdar skýringar séu viðeigandi.
- Ályktum við um hvort notkun stjórnar og framkvæmdastjóra á forsendu reikningsskilanna um rekstrarhæfi sé viðeigandi og metum, á grundvelli endurskoðunarinnar, hvort aðstæður séu til staðar sem valdið gætu verulegum vafa um rekstrarhæfi félagsins. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur, í áritun okkar, að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins eða, ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi, að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Samt sem áður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni gert félagið órekstrarhæft.
- Metum við framsetningu, uppbyggingu og innihald ársreikningsins í heild, að meðtöldum skýringum, og hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum.

Við upplýsum stjórn meðal annars um áætlað umfang og tímasetningar endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem upp kunna að koma í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirliti.

Staðfesting vegna annarra ákvæða laga

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104 gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu stjórnar sem fylgir þessum ársreikningi eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram annars staðar í ársreikningnum.

Sauðárkróki, 3. júní 2025.

KPMG ehf.

Helgi Nielsson

Sigríður Ellen Arnardóttir

Rekstrarreikningur árið 2024

	Skýr.	2024	2023
Rekstrartekjur			
Framlag ríkissjóðs		31.627.835	32.223.996
Styrkir		1.505.600	1.505.600
Tekjur vegna námskeiða og verkefna	7	61.658.324	38.750.405
Tekjur vegna háskólanáms		1.206.000	645.600
Aðrar tekjur		130.000	337.671
	6	<u>96.127.759</u>	<u>73.463.272</u>
Rekstrargjöld			
Kostnaður vegna námskeiða og verkefna		37.213.350	22.500.283
Kostnaður vegna háskólanáms		339.889	331.529
Laun og annar starfsmannakostnaður	8	45.793.178	40.115.272
Annar rekstrarkostnaður	9	11.199.036	9.111.619
Afskriftir	10	76.126	600.771
		<u>94.621.579</u>	<u>72.659.474</u>
Rekstrarniðurstaða fyrir fjármunatekjur og fjármagnsgjöld		1.506.180	803.798
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)			
Vaxtatekjur		3.384.345	2.796.107
Vaxtagjöld	(	117.972)	(136.360)
Gengismunur	(	580.023)	(614)
Fjármagnstekjuskattur	(	750.094)	(612.746)
		<u>1.936.256</u>	<u>2.046.387</u>
Rekstrarniðurstaða	11	<u>3.442.436</u>	<u>2.850.185</u>

Efnahagsreikningur 31. desember 2024

	Skýr.	2024	2023
Eignir			
Áhöld og tæki	10	200.260	276.386
Fastafjármunir		200.260	276.386
Viðskiptakröfur		13.893.847	6.061.724
Handbært fé		45.787.481	48.031.403
Veltufjármunir		59.681.328	54.093.127
Eignir samtals		59.881.588	54.369.513
Eigið fé			
Óráðstafað eigið fé		40.836.442	37.394.006
Eigið fé	11	40.836.442	37.394.006
Skuldir			
Viðskiptaskuldir		4.732.950	9.467.466
Aðrar skammtímaskuldir	12	14.312.196	7.508.041
Skammtímaskuldir		19.045.146	16.975.507
Skuldir samtals		19.045.146	16.975.507
Eigið fé og skuldir samtals		59.881.588	54.369.513

Farskólinn - miðstöð símenntunar á Norðurlandi vestra	8	Ársreikningur 2024
---	---	--------------------

Skýringar

Reikningsskilaaðferðir

1. Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga. Ársreikningurinn er gerður og birtur í íslenskum krónum. Hann byggir á kostnaðarverðisreikningsskilum og er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður.

2. Innlausn tekna

Styrkir og framlög eru færð til tekna við móttöku á greiðslu og tekjur af sölu námskeiða og aðrir styrkir þeim tengdum eru færðir í rekstrarreikning þegar afhending hefur farið fram og kröfuréttur myndast. Tekjur af veittri þjónustu eru færðar í rekstrarreikning í hlutfalli við stöðu verks á uppgjörsteggi. Tekjur eru ekki færðar ef veruleg óvissa ríkir um innheimtu þeirra.

3. Varanlegir rekstrarfjármunir

Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir til eignar á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum og virðisrýrnun. Afskriftir eru reiknaðar sem fastur hundraðshluti miðað við áætlaðan nýtingartíma, þar til niðurlagsverði er náð. Áætlaður nýtingartími greinist þannig:

Vélar, áhöld og tæki 3 ár

4. Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar niður til að mæta almenntri áhættu sem fylgir kröfueign félagsins, en hér er ekki um endanlega afskrift að ræða. Annars vegar er um að ræða niðurfærslu vegna krafna sem sérstaklega hafa verið metnar í tapsáhættu og hins vegar niðurfærslu til að mæta almenntri áhættu. Niðurfærslan er dregin frá viðskiptakröfum í efnahagsreikningi. Ekki er um að ræða niðurfærslu vegna almennrar tapsáhættu í árslok 2024.

5. Handbært fé

Handbært fé samanstendur af óbundnum bankainnstæðum og innstæðum sem bundnar eru til skemmri tíma en þriggja mánaða.

6. Rekstrartekjur

Rekstrartekjur greinast þannig:

Framlög frá ríkissjóði:

	2024	2023
Fjárlög, fært sem rekstrarframlag	31.627.835	29.799.996
Aukafjárveiting vegna þjónustu við háskólanemendur (próf)	0	2.424.000
Samtals framlög frá ríkissjóði	31.627.835	32.223.996

Framlög frá Rannís og Fræðslusjóði vegna námskeiða og námskeiðstekjur:

Rannís vegna námskeiðsins Íslenska fyrir útlendinga	2.268.000	960.000
Framlag Fræðslusjóðs vegna vottaðra námsleiða	21.614.126	11.075.211
Framlag Fræðslusjóðs vegna náms- og starfsráðgjafar	3.294.800	2.906.700
Framlag Fræðslusjóðs vegna raunfærismats	1.515.000	2.897.730
Framlag Fjölmennt vegna fullorðinsfræðslu fatlaðra	1.000.000	0
Erasmus styrkur	8.832.766	0
Samtals framlög frá Rannís og Fræðslusjóði	38.524.692	17.839.641
Framlög Fræðslusjóðs, flutt frá fyrra ári	2.364.000	3.728.400
Framlög Fræðslusjóðs, flutt til næsta árs	(2.859.674)	(2.364.000)
Erasmus styrkur, flutt til næsta árs	(4.988.441)	0
Námskeiðs- og verkefnatekjur	28.617.747	19.546.364
Samtals	61.658.324	38.750.405

Aðrar tekjur:

Framlög frá stofnaðilum	1.505.600	1.505.600
Tekjur vegna háskólanáms	1.206.000	645.600
Aðrar tekjur	130.000	337.671
Samtals aðrar tekjur	2.841.600	2.488.871

Samtals rekstrartekjur	96.127.759	73.463.272
------------------------------	------------	------------

Skýringar, frh.:

7. Tekjur vegna námskeiða og verkefna

Tekjur vegna námskeiða og verkefna skiptist þannig:

	2024	2023
Framlag Fræðslusjóðs vegna vottaðra námsleiða	21.614.126	11.075.211
Framlag Fræðslusjóðs til náms- og starfsráðgjafar	3.294.800	2.906.700
Framlag Fræðslusjóðs vegna raunfærnimats	1.515.000	2.897.730
Framlag Rannís vegna námskeiðsins Íslenska fyrir útlendinga	2.268.000	960.000
Framlag Fjölmennnt vegna fullorðinsfræðslu fatlaðra	1.000.000	0
Erasmus styrkur	8.832.766	0
Námskeiðs- og verkefnatekjur	28.617.747	19.546.364
	<u>67.142.439</u>	<u>37.386.005</u>
Framlög Fræðslusjóðs, flutt frá fyrra ári	2.364.000	3.728.400
Framlög Fræðslusjóðs, flutt til næsta árs	(2.859.674)	(2.364.000)
Erasmus styrkur, flutt til næsta árs	(4.988.441)	0
Samtals tekjur vegna námskeiða og verkefna	<u>61.658.324</u>	<u>38.750.405</u>

8. Laun og annar starfsmannakostnaður

Laun og annar starfsmannakostnaður greinast þannig:

	2024	2023
Laun	30.675.541	29.092.992
Mótframlag í lífeyrissjóð	5.645.069	5.153.793
Tryggingagjald	2.377.558	2.255.030
Sjúkra- og orlofssjóður	1.129.746	1.079.834
Breyting á áunnu orlofi	36.245	144.737
Bílfreiðastyrkur	1.182.144	1.265.544
Ferðakostnaður	138.360	504.566
Annar starfsmannakostnaður	579.750	618.776
Starfslokasamningur við framkvæmdastjóra	4.028.765	0
	<u>45.793.178</u>	<u>40.115.272</u>
Fjöldi starfsmanna að meðaltali	3,0	3,0
Ársverk	3,0	3,0

9. Annar rekstrarkostnaður

Annar rekstrarkostnaður greinist þannig:

	2024	2023
Stjórnunarkostnaður	5.580.440	3.909.045
Kostnaður vegna tækja og búnaðar	1.529.245	1.255.801
Húsnæðiskostnaður	3.461.206	3.341.575
Skrifstofukostnaður	628.145	605.198
	<u>11.199.036</u>	<u>9.111.619</u>

Skýringar, frh.:

10. Varanlegir rekstrarfjármunir

Varanlegir rekstrarfjármunir félagsins greinast þannig:

	Áhöld og tæki
Heildarverð 1.1.2023	2.002.579
Heildarverð 31.12.2023	2.002.579
Heildarverð 31.12.2024	2.002.579
Afskrifað samtals 1.1.2023.....	1.125.422
Afskriftir ársins	600.771
Afskrifað samtals 31.12.2023	1.726.193
Afskriftir ársins	76.126
Afskrifað samtals 31.12.2024	1.802.319
Bókfært verð 31.12.2023	276.386
Bókfært verð 31.12.2024	200.260
Afskriftahlutföll	30%

11. Eigið fé

Yfirlit um eiginfjárreikninga:

	Óráðstafað eigið fé
Eigið fé 1.1.2023	34.543.821
Rekstrarniðurstaða	2.850.185
Eigið fé 31.12.2023	37.394.006
Rekstrarniðurstaða	3.442.436
Staða 31.12.2024	40.836.442

12. Aðrar skammtímaskuldir

Aðrar skammtímaskuldir greinast þannig:

	2024	2023
Fyrirframinnheimtar tekjur	5.484.115	2.899.000
Ógreidd launatengd gjöld	8.828.081	4.609.041
	14.312.196	7.508.041

Skýringar, frh.:

13. Fimm ára yfirlit í þúsundum króna:

Rekstur:	2024	2023	2022	2021	2020
Rekstrartekjur	96.128	73.463	64.820	70.744	73.708
Rekstrargjöld	(94.622)	(72.659)	(71.260)	(72.932)	(75.907)
Rekstrarniðurstaða (neikvæð) fyrir fjármagnsliði	1.506	804	(6.440)	(2.188)	(2.200)
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld	1.936	2.046	757	(3)	467
Rekstrarniðurstaða (neikvæð)	3.442	2.850	(5.683)	(2.190)	(1.733)
Efnahagur:					
Fastafjármunir	200	276	877	1.325	1.868
Veltufjármunir	13.894	6.062	6.614	4.224	4.849
Handbært fé	45.787	48.031	44.321	42.997	49.670
Eignir samtals	59.882	54.370	51.812	48.545	56.386
Eigið fé	40.836	37.394	34.544	40.227	42.417
Skammtímaskuldir	19.045	16.976	17.268	8.318	13.969
Eigið fé og skuldir samtals	59.882	54.370	51.812	48.545	56.386